

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 168/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2002 frá 12. júlí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/39/EB frá 10. júní 2002 um breytingu á tilskipun 97/67/EB að því er varðar frjálsari samkeppni á sviði pósthjónustu í bandalaginu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0039:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/39/EB frá 10. júní 2002 (Stjtið. EB L 176, 5.7.2002, bls. 21).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/39/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 21 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 176, 5.7.2002, bls. 21.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.